# Lög

Nr. 3.
8.
jan.

um

lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til

æðarvarpsræktar.

**Vjer Christian hinn Níundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Sýslunefndunum í Snæfellsness, Dala, Barðastrandar og Stranda sýslum, sem og Mýra og Isafjarðar sýslum, ef þær beiðast þess, veitist samtals allt að 10,000 kr. lán úr viðlagasjóði til eflingar æðarvarpsræktar. Lánið geta sýslufjelög þessi tekið smátt og smátt eptir þörfum. Lánið ávaxtast og endurgelzt á 28 árum með 6 af hundraði ár hvert.

2. gr.

Hver ábúandi á æðarvarpsjörð í sýslum þeim, sem taldar eru í 1. gr., er skyldur fram að telja á hreppskilaþingum haust hvert, hversu mörg pund af hreinsuðum æðardún fengizt hafi það sumar af ábýli hans, og skal hreppstjóri hver semja greinilega og ýtarlega skýrslu um framtal æðardúnstekju í sínum hrepp; skal hann tilgreina nöfn allra ábúenda á hverri æðarvarpsjörðu, hve mikinn hluta jarðar hver hafi til ábúðar eða afnota, og hversu mikla dúntekju hver fram telur, og senda sýslumanni skýrslu sína fyrir útgöngu desembermánaðar ár hvert. Síðan jafnar sýslumaður árgjaldi sýslunnar af láninu niður samkvæmt skýrslum hreppstjóra á allar æðarvarpsjarðir í sýslunni, jafnt á hvert æðardúnspund, og tilkynnir hverjum ábúanda gjaldhæð hans innan marzmánaðarloka. Ábúandi skal lokið hafa árgjaldi sínu til sýslumanns fyrir aprílmánaðarlok, en sýslumaður viðlagasjóði fyrir 11. júní ár hvert.

# Lov

Nr. 3.
8de
Januar.

om

## Laan af Reservefonden til Sysselkommuner til Ophjælpning af Ederfuglevarp.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sysselforstanderskaberne i Snæfellsnes, Dala, Barðastrandar og Stranda Sysseler, samt Sysselforstanderskaberne i Myra og Isafjarðar Sysseler, forsaavidt de andrage derpaa, tilstaas der tilsammen indtil 10,000 Kr. som Laan af Reservefonden til Ophjælpning af Ederfuglevarp. Laanet kan af de nævnte Sysselkommuner erholdes udbetalt, efterhaanden som der haves Brug for samme. Laanet forrentes og afdrages med 6% aarlig i 28 Aar.

§ 2.

Enhver Bruger af en i de i § 1 ommeldte Sysseler beliggende Ederdunsjord er pligtig til hvert Efteraar paa Repsthinget at opgive, hvor mange Pund renset Ederdun der i den Sommer er indsamlet paa hans Brugsjord, og enhver Repstyrer har at udarbejde en tydelig og nøjagtig Fortegnelse over Opgivelserne af Ederdunsudbyttet i Reppen, i hvilken Fortegnelse, som bør tilstilles Sysselmanden inden Udgangen af hvert Aars Decembermaaned, han har at anføre Navnene paa alle Brugere af hver enkelt Ederdunsjord, og hvor stor Del af Jorden hver enkelt har til Brug eller Benyttelse og hvor stort Ederdunsudbytte han opgiver at have havt. Sysselmanden ligner derefter paa Grundlag af de fra Repstyrerne modtagne Fortegnelser det Beløb, som Sysselet for det paagjældende Aar har at indbetale af Laanet, paa alle Sysselets Ederdunsjorder, ligelig paa hvert Pund Ederdun, hvorefter han inden Udganger af Martsmaaned giver hver enkelt Bruger Meddelelse om det ham paalignede Beløb. De aarlige Bidrag skulle Brugerne erlægge til Sysselmanden inden Udgangen af April og Sysselmanden indbetale til Reservefonden inden hvert Aars 11te Juni.

Nr. 3.
8.
jan.

3. gr.

Þá er ábúandi greitt hefur árgjaldið, á hann rjett á fullu endurgjaldi þess hjá landeiganda. Greiði ábúandi eigi árgjaldið á rjettum eindaga, er rjett að taka það lögtaki sem annað almannagjald.

4. gr.

Nú er ábúandi gjaldskyldrar jarðar kærður um rangt framtal, og má hann vinna eið að framtali sínu fyrir sýslumanni. Treystist hann eigi að vinna eiðinn, eða sannist það að hann hafi talið rangt fram, greiði hann umfram árgjald sitt í sekt til landssjóðs 20—50 kr.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 8. janúar 1886.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 3. Lög 8. jan. um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar.

§ 3.

Naar en Opsidder har erlagt sit Aarsbidrag, har han Ret til fuldtud at faa dette godtgjort af Jordens Ejer. Hvis Brugeren ikke til rette Forfaldstid erlægger sit Aarsbidrag, kan det, som anden offentlig Afgift, inddrives ved Udpantning. Nr. 3. 8de Januar.

§ 4.

Dersom Brugeren af en bidragspligtig Jord sigtes for en urigtig Opgivelse, kan han med Ed for Sysselmanden bekræfte sin Opgivelse. Trøster han sig ikke til at aflægge Eden, eller bevises det, at hans Opgivelse har været urigtig, bør han forn den sit Aarsbidrag erlægge en Bøde af 20—50 Kr. til Landskassen.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 8de Januar 1886.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S)

*J. Nellemann.*

Nr. 3. Lov af 8de Januar om Laan af Reservef. til Sysselk. til Ophjælp. af Ederfuglevarp.

Nr. 2.
8. jan.

2. gr.

Um sölu þessa skal farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26. 8 nóvbr. 1883

3. gr.

Heimild sú, sem veitt er til sölu þessarar, gildir að eins til 31. des. 1890.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 8. janúar 1886.*

**Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

---

***J. Nellemann.***